

Arnarlax hf  
c/o Verkís hf  
Hugrún Gunnarsdóttir  
Ármúla 4  
108 Reykjavík

Reykjavík, 16. maí 2014  
Tilvísun: 201310026 / 5.2

---

## Efni: Aukin framleiðsla á laxi í sjókvíum Arnarlax í Arnarfirði - ákvörðun um matsáætlun

---

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Verkís hf., f.h. Arnarlax hf., að matsáætlun um aukna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Arnarfirði um 7.000 tonn, Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð.

Verkís sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 18. mars 2014 ásamt tillögu að matsáætlun:

### **Arnarlax hf. Aukning framleiðslu Arnarlax á laxi í sjókvíum í Arnarfirði um 7.000 tonn/ári. Verkís hf. Mars 2014.**

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Ísafjarðarbæ, Vesturbyggð, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Ísafjarðarbæ, með bréfi dags. 11. apríl 2014, Vesturbyggð, með tölvupósti dags. 23. apríl 2014, Fiskistofu, með bréfi dags. 25. mars 2014, Hafrannsóknastofnun, með bréfi dags. 4. apríl 2014, Matvælastofnun, með bréfi dags. 25. mars 2014, Minjastofnun Íslands, með bréfi dags. 3. apríl 2014, Orkustofnun, með bréfi dags. 3. apríl 2014, Samgöngustofu, með bréfi dags. 26. mars 2014, Umhverfisstofnun, með bréfi dags. 2. apríl 2014 og Veiðimálastofnun, með bréfi dags. 14. apríl 2014. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 31. mars og 30. apríl 2014.

### **NIDURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem framkvæmdaraðili setti fram í bréfi dags. 31. mars 2014 og með eftirfarandi athugasemdum:

### **Eldisferli og eldissvæði**

Í kafla 3.5 í tillögu að matsáætlun er sett fram áætlun um fjölda útsettra seiða, magn sláturfisks og hvíld eldissvæða eftir árum fram til ársins 2022. Eins og fram kemur í tillögunni eru tvö fyrirtæki með starfs- og rekstrarleyfi til laxeldis í Arnarfirði, sem bæði áforma að auka framleiðslugetu sína (Arnarlax

og Fjarðalax) og enn annað hefur áform um að hefja eldi á regnbogasilungi (Dýrfiskur). Arnarlax áformar kynslóðaskipt eldi, eins og Fjarðalax, sem felur í sér að í hvert sinn er einungis ein kynslóð eldisfisks á hverju eldissvæði og að slátrun lokinni verði eldissvæði hvílt, til þess m.a. að draga úr hættu á fisksjúkdómum og laxalús. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að útsetning seiða verði með þeim hætti að eldri seiði verði ávallt undan straumi miðað við yngri seiði til að ekki skapist hætta á að sjógönguseiði fái laxalús frá stærri fiski.

Fiskistofa telur að skipuleggja eigi eldissvæði þannig að hverfandi hætta verði á að smit berist frá einu svæði til annars. Veiðimálastofnun telur mikilvægt að komið verði á stjórnunarsvæðum í fiskeldi þar sem eldi og eldisferlar eru samhæfðir innan slíks svæðis. Í svari Arnarlax kemur fram að gera megi ráð fyrir að hægt verði að nýta fyrirliggjandi rannsóknir og niðurstöður straummælinga norskra ráðgjafa til að segja fyrir um dreifingu strauma á og í nálægð við eldissvæði fyrirtækisins. Skipulagsstofnun bendir á þá staðreynd, sem fram kom í athugasemd Fjarðarlax til Arnarlax við kynningu draga að matsáætlun, að lúsasmit hefur fundist í eldi Fjarðalax í Fossfirði, sem var yfir viðmiðunarmörkum sem norsk stjórnvöld setja sjókvíaeldi þar í landi. Í ljósi þess að Fjarðalax er þegar með fiskeldisstarfsemi í Arnarfirði telur Skipulagsstofnun að fyrirkomulag Arnarlax á hvíld eldissvæða verði að vera skipulagt í með hliðsjón af því. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig kynslóðaskiptu eldi og hvíld eldissvæða Arnarlax (sbr. kafla 5.3.5) verður háttað með tilliti til annars fiskeldis í Arnarfirði og hvernig tryggja á samhæfða eldisferla óskyldra aðila í firðinum, til að lágmarka smithættu milli eldissvæða til framtíðar.

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að gerð verði spá um mögulega dreifingu smits frá eldissvæðum í Arnarfirði sem hægt verði að nota til að bregðast markvisst við ef sjúkdómar eða lúsaplága komi upp í laxeldi í firðinum. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir líklegri dreifingu smitsjúkdóma frá eldissvæðum Arnarlax.

#### **Áhrifaþættir framkvæmdar**

Í kafla 5.3.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um eldiskvíar. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun sem bendir á að ekki sé ljóst hvernig hreinsa á eldiskvíar. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig það verður gert og hvaða varnarefni verða notuð, ef ætlunin er að nota slíkt.

Í kafla 5.3.2 í tillögu að matsáætlun er m.a. fjallað um hættur vegna fisksjúkdóma. Fram kemur að unnar verði viðbragðsáætlanir vegna hugsanlegra slyasleppinga frá eldiskvíum og hvernig brugðist verði við hættu af völdum fisksjúkdóma og erfðablöndunar. Skipulagsstofnun telur að spá um dreifingu smitsjúkdóma frá eldissvæðum Arnarlax sé mikilvægt tæki til að meta möguleg umhverfisáhrif aukningar á framleiðslu Arnarlax og samlegðaráhrifum þess með öðru eldi í Arnarfirði. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegum smitleiðum milli eldissvæða Arnarlax og annarra eldisaðila, sem fyrir eru í Arnarfirði eða hafa áform um að hefja þar eldi. Einnig þarf að gera grein fyrir boðuðum viðbragðsáætlunum í frummatsskýrslu og einnig þeim ráðstöfunum sem grípa á til ef lax sleppur úr eldi eða smitsjúkdómar koma upp í eldi Arnarlax eða öðru eldi í firðinum.

#### **Helstu umhverfisþættir**

Í kafla 5.3.2 í tillögu að matsáætlun kemur fram að leitað verði upplýsinga um lax og sjóbirting í Arnarfirði hjá Veiðimálastofnun og landeigendum í firðinum. Í kafla 5.4.1 um vinsun umhverfisþátta er hins vegar ekki gert ráð fyrir að meta áhrif fyrirhugaðs eldis á villta stofna lax og silungs. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áhrifum fyrirhugaðs eldis á slíka stofna.

Í kafla 5.4.8 er m.a. fjallað um staðsetningu fiskeldis með tilliti til þynningarsvæða í Arnarfirði. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Hafrannsóknastofnunar um að eldissvæði við Tjaldaneseyrar er innan þröskuldar á sjávarbotni frá Hvestu að Baulhúsum og það tilheyri því sama þynningarsvæði og eldissvæði við Haganes og Steinanes. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því að eldissvæðin

þrjú eru í Suðurfjörðum og taka tillit til þess þegar fjallað er um m.a. burðarþol Suðurfjarða og samlegðaráhrif eldis Arnarlax og annarrar eldisstarfsemi á sama svæði.

### **Skipulag og leyfi**

Í kafla 4 í tillögu að matsáætlun kemur fram að sett hafi verið fram nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar fyrir árin 2012-2024. Hún sé þó ekki lögformleg skipulagsáætlun og því ekki bindandi. Skipulagsstofnun bendir á að áætlunin var samþykkt af viðkomandi sveitarfélögum í nóvember 2013 og að áætlunin er yfirlýsing sveitarfélaganna um hvernig þau vilja að strandsvæðin verði nýtt. Ísafjarðarbær bendir á í umsögn sinni að fyrirhuguð framkvæmd Arnarlax stangist á við áætlunina, sem ekki geri ráð fyrir fiskeldi undan strönd Ketildala. Í svari sínu segir Arnarlax að fjallað verði um hvernig rekstur félagsins falli að nýtingaráætluninni. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvort eldissvæði falla að nýtingaráætluninni og ef svo er ekki, rökstyðja frávik frá henni. Auk korts sem sýnir núverandi nýtingu samkvæmt nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar þarf einnig að fylgja kort sem sýnir stefnu sveitarfélaganna um nýtingu fjarðarins 2012-2024 (stefnuuppráttur).

### **Annað**

*Hugtakanotkun.* Í umsögn sinni leggur Hafrannsóknastofnun til að hugtakið „framskrið sjávar“ (kafla 2.6) verði skilgreint. Skipulagsstofnun bendir á að fleiri en einn aðili hafa gert straummælingar í tengslum við eldi í sjó og framsetning þeirra á niðurstöðum er ekki að öllu leyti sambærileg. Því er mikilvægt að merking hugtaka sé ljós. Í frummatsskýrslu þarf að setja fram skilgreiningu á því hvað framskrið sjávar felur í sér.

Sigmar Arnar Steingrímsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Ísafjarðarbær, Vesturbyggð, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun

# Skipulagsstofnun